



Reykjavík, 17. mars 2025

FAS24120011

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
B.t. Elmars Björnssonar
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Innviðaráðuneyti

Efni: Reikningsskil Félagsbústaða hf. - mat og flokkun eigna í reikningsskilum Reykjavíkurborgar

Með tölvuskeyti, dags. 2. janúar 2025, óskar eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (hér eftir EFS) eftir sjónarmiðum Reykjavíkurborgar varðandi mat og flokkun tiltekinna eigna í reikningsskilum sveitarfélagsins. Í fyrirnefndu tölvuskeyti EFS er lagt upp með eftirfarandi er varðar samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar:

„Reykjavíkurborg er skylt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að tryggja framboð á félagslegu húsnæði. Félagsbústaðir hf. eru stofnaðir til þess að veita þá þjónustu líkt og fram kemur í skýrslu stjórnar félagsins auk þess sem velferðarsvið borgarinnar úthlutar íbúðunum. Meginhluti starfsemi Félagsbústaða felst því í því að sinna skyldu Reykjavíkurborgar, sem á sveitarfélagið eru lagðar með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Eignum Félagsbústaða hf. er því aflað til eigin nota, séð frá samstæðu Reykjavíkurborgar en skv. því reikningsskilaregluverki sem borginni ber að fylgja er ekki heimilt að meta eignir til eigin nota á gangvirði. Óskar EFS eftir sjónarmiði Reykjavíkurborgar varðandi flokkun eignanna og reikningshaldslegra matsaðferða í samstæðureikningi borgarinnar.“

Í erindi EFS er ekki gerð nánari grein fyrir því hvað sé átt við með „reikningsskilaregluverki“ eða hvaða ákvæði laga, reglugerða eða staðla eigi að leiða til þess að óheimilt sé að beita umræddum matsaðferðum á eignir Félagsbústaða hf. Ekki verður annað ráðið en að framangreind afstaða EFS sé í andstöðu við fyrri afstöðu innviðaráðuneytisins til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sbr. bréf dags. 29. apríl 2022. Í því máli gætti í upphafi misskilnings af hálfu ESA um IPSAS staðalinn, sem sveitarfélagum er ekki skylt að styðjast við, en málinu lauk með ákvörðun stjórnar ESA þar sem fallist var á afstöðu íslenska ríkisins, sbr. ákvörðun frá 6. september 2023.

Svar:

Samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, ásamt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, eftir því sem við á.

Fyrir liggur álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga frá október 2020 í máli nr. 1/2020 og álit reikningsskilaráðs dags. 3. júlí 2020 í máli nr. 1/2020, ásamt [tilkynningu](#) samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi álit reikningsskila- og upplýsinganefndar, dags. 19. mars 2021.

Í álit reikningsskila og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2020 er fjallað um eftirfarandi álitaefni:



Reykjavík



- a. *Hvort að rétt sé að Félagsbústaðir hf., sem eru að fullu í eigu Reykjavíkurborgar, skilgreini fasteignir sem leigðar eru út til einstaklinga á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og eru í eigu félagsins, sem fjárfestingareignir í reikningsskilum sínum og hvaða reikningsskilaaðferðum ber að beita vegna slíkra eigna.*
- b. *Hvort að Reykjavíkurborg sé heimilt að færa ársreikninga Félagsbústaða hf. óbreytta inn í samantekin reikningsskil A- og B-hluta.*

Niðurstaða reikningsskila og upplýsinganefndar skv. álitinu er eftirfarandi:

„Þau sjónarmið sem kveðið er á um í 75. gr. laga um ársreikninga, gilda einnig um samstæðureikning sveitarfélaga. Í því felst að í samstæðureikningi sveitarfélaga skulu notaðar sömu matsaðferðir og í ársreikningi A-hluta sveitarfélagsins. Noti félag í eigu sveitarfélags, sem færa skal inn í B-hluta þess, skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, aðrar matsaðferðir í eigin ársreikningi en samstæðureikningur sveitarfélagsins byggir á, skulu unnin ný reikningsskil þar sem matsaðferðir eru í samræmi við samstæðureikning. Það gildir þó ekki ef frávik í reikningsskilum félagsins eru óveruleg. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningi og ástæður fyrir þeim tilgreindar.

Að mati nefndarinnar er Reykjavíkurborg heimilt að taka reikningsskil Félagsbústaða hf. óbreytt upp í samstæðureikning sinn, ef reikningsskil Félagsbústaða gera ráð fyrir sömu matsaðferð og í samstæðureikningi borgarinnar. Það er ef Reykjavíkurborg metur það svo að starfsemi Félagsbústaða sé á sviði fjárfestinga í fjárfestingarfasteignum og nýtir sér þar með ákvæði 39. gr. laga um ársreikninga um að meta fasteignir félagsins til gangvirðis, með breytingar yfir rekstur.“

Í álitni reikningsskilaráðs er tekin til meðhöndlunar fyrirspurn um „reikningshaldslega meðferð fjárfestingaeigna hjá félögum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa það hlutverk að reka leiguhúsnæði til handa þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrði eða annarra félagslegra aðstæðna...“¹ Í fyrsta lagi var spurt um hvort mismunandi væri „milli skilgreininga IAS 40, annars vegar og ákvæða 15.tl.2.gr. og 39. gr. l. 3/2006 um ársreikninga hinsvegar og þá hvert?“¹ Í öðru lagi um „val á mismunandi aðferðum innan marka IAS 40 staðalsins“ og í þriðja lagi um hvort beri „að meta fasteignir sem leigðar eru út í félagslegum tilgangi til verðs miðað við gildandi leigusamninga“.

Vísað er í [álit reikningsskilaráðs](#) er varðar svör við spurningunum, en í svari ráðsins við spurningu þrjú er fjallað um ákvörðun gangvirðis fjárfestingaeigna sem leigðar eru út í félagslegum tilgangi og glögga mynd reikningsskila þess sem um ræðir. Í niðurlagi umfjöllunarinnar segir:

„Að mati reikningsskilaráðs yrði erfitt að halda því fram að ársreikningur gæfi ekki glögga mynd ef farið væri eftir skýrri heimild laganna um að beita gangvirðismati.

Jafnframt má benda á að samkvæmt IAS 40 er félögum sem færa fjárfestingareignir á afskrifuðu kostnaðarverði skylt að upplýsa um gangvirði í skýringum (IAS 40.79(e)) svo upplýsingar um gangvirði eru álitnar vera mikilvægar. Jafnframt segir í staðlinum í umfjöllun um breytingar á reikningsskilaaðferðum að það væri afar ólíklegt að það gæfi betri mynd (e. more

¹ Í neðanmálsgrein í álitinu segir til skýringa: „IAS 40 Investment properties er í opinberri íslenskri útgáfu staðals IAS 40 þýtt sem fjárfestingareignir en þess háttar eignir eru í daglegu tali oft nefndar fjárfestingarfasteignir.“





relevant presentation) ef félag hætti að beita gangvirðislíkani og færi yfir í kostnaðarverðislíkan (IAS 40.31).“

Félagsbústaðir hf. eru hlutafélag og um það gilda því lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög þá skal á aðalfundi hlutafélaga leggja fram ársreikning sem saminn er samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Félagsbústaðir hf. er hvorki dótturfélag né móðurfélag í skilningi laga um hlutafélög og laga um ársreikninga þar sem það á ekki félög og er ekki í eigu félags og tilheyrir því ekki samstæðu í skilningi fyrrgreindra laga. Um ársreikningagerð og reikningsskil Félagsbústaða hf. gildir því 4. mgr. 90. gr. laga um ársreikninga, þ.e. að félagið skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings síns.

Á hinn bóginn þá er Reykjavíkurborg sveitarfélag en ekki félag í skilningi laga um ársreikninga. Um ársreikningsgerð og reikningsskil Reykjavíkurborgar gilda því sveitarstjórnarlög, sbr. sérstaklega ákvæði 60. gr. til 61. gr. Reykjavíkurborg er því hvorki móðurfélag fyrirtækja í B-hluta borgarinnar né myndar Reykjavíkurborg samstæðu með þeim í skilningi laga um ársreikninga.

Í 61. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að samstæðureikning sveitarfélags skuli gera samkvæmt sveitarstjórnarlögum, ársreikningalögum og reglum settum samkvæmt þeim, sem og góðri reikningsskilavenju. Í reglugerð nr. 1212/2015, sem sett er á grundvelli sveitarstjórnarlaga, er skilgreint hvernig taka skuli saman ársreikninga A- og B- hluta. Í reglugerðinni er síðar nánar tilgreint hvernig ársreikningur sveitarfélags skuli framsettur, m.a. fylgiskjal II A-D. Þar segir að samantekin reikningsskil séu sameinuð reikningsskil A-hluta og B-hluta sveitarfélags. Reglur um samstæðureikningsskil, samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga, skulu síðan gilda að svo miklu leyti sem við á en í 4. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga kemur fram að sérlög (lex specialis) gangi framur þeim. Þar sem sveitarstjórnarlög eru sérlög í tilviki reikningsskila Reykjavíkurborgar þá gilda þau framur lögum um ársreikninga við reikningsskil borgarinnar, þ.m.t. samantekin reikningsskil A- og B- hluta.

Í álitni reikningsskila- og upplýsinganefndar frá því í október 2020 í máli nr. 1/2020 kemur meðal annars eftirfarandi fram varðandi 39. gr. laga um ársreikninga í tengslum við reikningsskil Félagsbústaða hf.:

„Ef Reykjavíkurborg velur að nýta sér heimild í 39. gr. laga um ársreikninga til að meta fjárfestingareignir sínar til gangvirðis, og reikningsskil Félagsbústaða hf. gera ráð fyrir sömu matsaðferð, er það mat nefndarinnar að heimilt sé að taka reikningsskil Félagsbústaða hf., óbreytt upp í samstæðureikning Reykjavíkurborgar.“

Í framangreindu álitni er staðfest að Reykjavíkurborg er heimilt að taka reikningsskil Félagsbústaða hf. óbreytt upp í samstæðureikning Reykjavíkurborgar að því gefnu, að borgin velji að meta fjárfestingareignir sínar til gangvirðis.

Í þessu samhengi þá er rekstur fyrirtækja innan B-hluta Reykjavíkurborgar fjölbreyttur. Hvert og eitt fyrirtæki innan B-hluta Reykjavíkurborgar hefur á hverjum tíma lagt mat á hvaða reikningsskilaaðferðir henta viðkomandi rekstri best þannig að ársreikningar þeirra gefi sem gleggstu mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Öll fyrirtæki innan B-hluta Reykjavíkurborgar eru sjálfstæðir lögaðilar.



Reikningsskil fyrirtækja innan B-hluta Reykjavíkurborgar eru því færð óbreytt í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta enda eru reikningsskil þeirra ekki í andstöðu við sveitarstjórnarlög eða lög um ársreikninga. Í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B- hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Reykjavíkurborg telur því að samantekinn ársreikningur A- og B-hluta borgarinnar gefi glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi sveitarfélagsins og sé í samræmi við sveitarstjórnarlög. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að samantekinn ársreikningur með breyttum reikningsskilum stærstu B-hluta fyrirtækjanna gæfu gleggri mynd heldur en óbreytt reikningsskil þeirra. Í skýringum með ársreikningi er greint frá aðferðafræðinni við samantekinn ársreikning. Samantekinn ársreikningur sveitarfélaga, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, er frábrugðinn hefðbundnum samstæðureikningsskilum.

Flokkun eigna í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar byggir alfarið á flokkun í ársreikningi A-hluta og flokkun í ársreikningum hjá hverju fyrirtæki fyrir sig innan B-hluta Reykjavíkurborgar. Allar fjárfestingareignir í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar eru færðar á gangverði og er því fullt samræmi í matsaðferðum í þeim eignaflokki.

Hlutafélagið Félagsbústaðir hf. var stofnað á árinu 1997 og hefur félagið frá upphafi metið leiguíbúðir á verðleiðréttu kostnaðarverði eða gangverði. Hlutafélagið er sjálfbært og er rekið á grundvelli tekna er félagið aflar við útleigu íbúða og þiggur ekki framlög frá Reykjavíkurborg. Starfsemi félagsins fellur undir skilgreiningu fasteignarfélags samkvæmt lögum um ársreikninga. Starfsemin felst í því að eiga og reka fasteignir til útleigu. Rekstrartekjur félagsins eru leigutekjur frá þeim einstaklingum sem fá úthlutaðar leiguíbúðir í samræmi við reglur sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar setur. Félagsbústaðir hf. gera hefðbundinn húsaleigusamning við leigjendur sína. Reykjavíkurborg er ekki aðili að húsaleigusamningi Félagsbústaða við leigjendur.

Í bréfi reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga frá 20. nóvember 2020, Tilv.: SRN20040011/4.13.3, kemur meðal annars eftirfarandi fram um starfsemi Félagsbústaða hf.:

„ má ljóst vera að Félagsbústaðir hf. byggja starfsemi sína á sjálfstæðum og skilgreindum tekjugrunni sem eingöngu er ætlaður til að standa undir kostnaði við rekstur þessarar tilteknu starfsemi, þ.e.a.s að leigja út fasteignir. Þannig er tekjuöflun Félagsbústaða hf. ekki ætlað að standa undir þjónustu samkvæmt stjórnsýslurétti um félagsþjónustu eða undir óskilgreindum sameiginlegum rekstri sveitarfélagsins, ólíkt því sem skatttekjum er ætlað að gera.“

Í fyrrgreindu bréfi er einnig vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 554/2008 en í álitinu er fjallað um starfsemi Félagsbústaða hf. Í bréfinu segir síðan um álitid:

„.....Ekki er hægt annað en að túlka svo að umboðsmaður komist að þeirri niðurstöðu að sveitarfélögum er ekki skylt að eiga það húsnæði sem nota skal til að uppfylla skyldur stjórnsýsluréttar um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Niðurstaðan styður þannig undir skilgreiningar um fjárfestingareignir þar sem tekjugrundvöllur þessara eigna er afmarkaður og ætlaður til að standa undir fjárfestingu í fasteignum sem síðan eru notaðar til að uppfylla ákvæði stjórnsýsluréttar um félagsþjónustu. Þannig skiptir ekki máli hvort eigandi





leigufélags er sveitarfélag eða einkaaðili, grunn forsenda matsins er uppruni teknanna.“

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er andmælt þeirri staðhæfingu að Reykjavíkurborg sé ekki heimilt að meta fjárfestingareignir Félagsbústaða hf. á gangvirði í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar. Áréttað skal að samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög og reglugerð nr. 1212/2015, þar sem mælt er fyrir um að sveitarfélög skulu gera samantekin ársreikning en ekki samstæðureikning í samræmi við ársreikningalög. Þá er Reykjavíkurborg ekki skylt lögum samkvæmt að eiga félagslegt leiguhúsnæði. Félagsbústaðir hf. er sjálfstætt og sjálfbært hlutafélag sem byggir starfsemi sína á eigin tekjum sem félagið aflar við útleigu íbúða. Því er ekki fallist á það sjónarmið eftirlitsnefndar að eignir Félagsbústaða hf. sé aflað til eigin nota séð frá Reykjavíkurborg.

Í áður greindu tölvuskeyti óskar EFS jafnframt eftir sjónarmiðum Reykjavíkurborgar varðandi eftirfarandi fimm atriði:

1. *„Í ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 er færð lífeyrisskuldbinding en ekki liggur ljóst fyrir á hverju sú flokkun byggir. Miðað við upplýsingar í skýringu virðist frekar um að ræða ábyrgðarskuldbindingu. Sú skuldbinding sem Reykjavíkurborg færir hjá sér sýnist því ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðsins Brúar. Í skýringunni er einnig upplýst að um núvirta skuldbindingu sé að ræða og vaknar upp sú spurning hvort færa eigi hluta af breytingu skuldbindingarinnar sem vaxtagjöld í rekstrarreikningi þegar undið er ofan af núvirðingunni. Sjónarmið borgarinnar óskast varðandi flokkun skuldbindingar og breytingu ársins.“*

Svar:

Lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar eru skilgreindar sem áfallnar lífeyrisskuldbindingar að frádregnum eignum lífeyrissjóðsins sem þeim réttihöfum tilheyra. Lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóða eru reiknaðar út á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna. Í ársreikningi Reykjavíkurborgar miðast lífeyrisskuldbindingar hverju sinni við niðurstöður fyrrnefndra útreikninga um áfallnar skuldbindingar viðkomandi lífeyrissjóða í árslok. Hækkun á lífeyrissjóðum árið 2023, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingum Reykjavíkurborgar. Því til samræmis er greiddur lífeyrir færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingum Reykjavíkurborgar.

Lífeyrisskuldbinding Reykjavíkurborgar er vegna R-deildar Brúar lífeyrissjóðs (áður Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar eða LsRb). Jafnframt er áfallin lífeyrisskuldbinding A-hluta vegna tryggingarfræðilegs endurmats Lífeyrissjóðs Brúar vegna starfsmanna sem höfðu hafið töku lífeyris eða höfðu náð 60 ára aldri árið 2017. Þegar breytingar urðu á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna og tryggingafræðilegstaða A-deildar naut ekki lengur óbeinnar bakábyrgðar launagreiðanda eins og áður hafði verið, þá var þessi hópur undanskilinn. Nú er tryggingafræðileg staða A-deildar utan vikmarka og því kemur til bakábyrgðar Reykjavíkurborgar vegna þessa hóps.



Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga gaf út álit varðandi færslu tryggingafræðilegs endurmats Brúar lífeyrissjóðs í bókum sveitarfélaga, dags. 26. febrúar 2024. Í álitinu segir:

„Að álit nefndarinnar er rétt að færa fjárhæð sbr. ofangreint á breytingu lífeyrisskuldbindinga í rekstrarreikningi með mótfærslu á lífeyrisskuldbindingu í efnahag, þar sem um matsbreytingu er að ræða. Telur nefndin þessa framkvæmd í samræmi við 2. mgr. 13. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.“

Reykjavíkurborg bókar tryggingafræðilegt endurmat vegna Brúar lífeyrissjóðs í samræmi við álit nefndarinnar.

2. „Reykjavíkurborg færir hjá sér skuld vegna stofnframlaga sem veitt eru vegna öflunar almennra íbúða og e.t.v. koma bæði fram á eigna- og skuldahlíð samstæðureiknings borgarinnar. Upplýsingar óskast um þennan lið t.d. varðandi lánstíma og núvirðingu.“

Svar:

Reykjavíkurborg hefur um nokkurra ára skeið veitt stofnframlög í óhagnaðardrífina félagi í samræmi við lög nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Félagsbústaðir hf. er eitt þeirra félaga sem notið hefur stofnframlaga með hliðsjón af skilyrðum laganna. Óheimilt er að selja almenna íbúð nema með samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarfélags og ber félaginu að endurgreiða ríkissjóði og viðkomandi sveitarfélagi stofnframlag það sem veitt hefur verið vegna íbúðarinnar. Krafa vegna stofnframlaga kemur úr A-hluta Reykjavíkurborgar inn í samantekinn ársreikning A- og B-hluta borgarinnar. Umrædd krafa er við reikningsskil færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði en er ekki á nokkurn hátt uppreiknuð. Í A- og B-hluta er krafa vegna stofnframlaga til Félagsbústaða hf. færð út á móti skuld þeirra við Reykjavíkurborg vegna stofnframlaga.

Skuld vegna stofnframlaga í samanteknum A- og B-hluta samanstendur af skuld Félagsbústaða hf. við íslenska ríkið. Sú skuld fær á sig matsbreytingu eins og fjárfestingareignir til að halda hlutfalli skuldarinnar óbreyttu af virði eigna. Skuldbinding Félagsbústaða hf. gagnvart ríkinu er færð upp eftir fasteignamati og vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli en það er að öllu leyti sama aðferðafræði og er almennt beitt við matsbreytingu fjárfestingareigna.

3. „Í reikningsskilum A-hluta Reykjavíkurborgar er hlutdeildaraðferð ekki beitt. Skv. 40. gr. laga um ársreikninga skal móðurfélag færa eignarhlut sinn í dótturfélagi skv. hlutdeildaraðferð. Í ljósi þess að hlutdeildaraðferð er ekki beitt í ársreikningi A-hlutans óskast sjónarmið borgarinnar um frávík frá ákvæði laganna.“

Svar:

Eins og fyrr greinir þá er Reykjavíkurborg ekki félag og er það því ekki móðurfélag gagnvart félögum og byggðasamlögum í B-hluta borgarinnar í skilningi laga um ársreikninga. Jafnframt eru því fyrirtæki innan B-hluta Reykjavíkurborgar ekki dótturfélög borgarinnar. Reykjavíkurborg útbýr því reikningsskil A-hluta og samantekin reikningsskil A- og B-hluta í samræmi við sveitarstjórnarlög. Í ákvæði 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015, sem sett er samkvæmt heimild í 75. gr. sveitarstjórnarlaga, kemur fram að eignarhlutir í eigu A-hluta sveitarfélaga skulu



færðir til eignar á kostnaðarverði. Í samræmi við tilvitnað reglugerðarákvæði eignfærir Reykjavíkurborg því eignarhluti í eigu A-hluta borgarinnar á kostnaðarverði.

4. „Byggðasamlög um Slökkvilið, Sorpu og Strætó eru öll flokkuð sem starfsemi í B-hluta. Óskað er eftir rökstuðningi fyrir flokkun byggðarsamlaga í samstæðureikningi borgarinnar.“

Svar:

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga falla undir B-hluta sveitarfélaga við reikningsskil meðal annars fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. eru öll fyrirtæki rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar með sérstaka stjórn og starfa á grundvelli stofnsamnings. Þá eru öll umrædd byggðasamlög í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Í ljósi þess ber að flokka þau undir B-hluta Reykjavíkurborgar við reikningsskil.

5. „Óskað er eftir upplýsingum um hvort frávik séu frá kröfum ársreikningalaga við gerð samstæðureiknings Reykjavíkurborgar og ef svo er í hverju þau felast.“

Svar:

Eins og fyrr greinir þá er Reykjavíkurborg ekki félag í skilningi laga um ársreikninga og því eru samantekinn reikningsskil A- og B-hluta ekki samstæðureikningur í skilningi laga um ársreikninga.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Hjálagt:

Álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2020, dags. 1. október 2020.

Álit reikningsskilaráðs nr. 1/2020, dags. 3. júlí 2020.

Svar innviðaráðuneytisins til EFTA Surveillance Authority, dags. 29. apríl 2022.

EFTA Surveillance Authority Decision, dags. 6. september 2023.



Reykjavík

Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga

**Reikningsskil samstæðu Reykjavíkurborgar og reikningsskil
Félagsbústaða hf.**

Álit í máli nr. 1/2020

Október 2020



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

I. Málavextir

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur móttengið erindi Vigdísar Hauksdóttur, borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar, sem beint var til reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, þann 4. apríl sl. og erindi Einars S. Hálfánarsonar, lögmanns og fyrrum nefndarmanns í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, sem beint var til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þann 8. maí 2020. Af erindunum má ráða að óskað sé eftir álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga um reikningsskil samstæðu Reykjavíkurborgar og reikningsskil Félagsbústaða hf. Nánar tiltekið er óskað eftir að fjallað verði um eftirfarandi álitæfni:

- a. Hvort að rétt sé að Félagsbústaðir hf., sem eru að fullu í eigu Reykjavíkurborgar, skilgreini fasteignir sem leigðar eru út til einstaklinga á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og eru í eigu félagsins, sem fjárfestingareignir í reikningsskilum sínum og hvaða reikningsskilaaðferðum ber að beita vegna slíkra eigna.
- b. Hvort að Reykjavíkurborg sé heimilt að færa ársreikninga Félagsbústaða hf. óbreytta inn í samantekin reikningsskil A- og B-hluta.

II. Hlutverk reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga

Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga starfar á grundvelli 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og hefur það hlutverk að stuðla að samræmingu á reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum ráðstöfunum þeirra, skv. nefndu ákvæði. Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, getur nefndin, eftir því sem tilefni er til, gefið út nánari leiðbeiningar og álit um bókhald, fjárhagsáætlanir og reikningsskil sveitarfélaga. Eins og máli þessu er háttað telur nefndin ástæðu til að fjalla um álitæfni málsins á grundvelli ákvæðisins og gefa út eftirfarandi álit.

III. Álit

Samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarfélög gera ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess og *skal ársreikningurinn gerður samkvæmt lögum um ársreikninga*. Jafnframt skulu sveitarfélög gera *samstæðureikning* fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaga skal skipta starfsemi sveitarfélaga í tvo hluta, A-hluta sem merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð af skatttekjum, og B-hluta sem í falla stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem sjálfstæðar einingar. Gera sveitarstjórnarlög því ráð fyrir að samstæðureikningur sveitarfélaga, þ.e. bæði A- og B-hluti sveitarfélaga, sé gerður samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga, nr. 3/2006.

a. Reikningsskil fyrirtækja í B-hluta sem gerð eru upp skv. öðrum reikningsskilaaðferðum

Sú staða kann að koma upp að félag í B-hluta sveitarfélags ber að gera upp samkvæmt öðrum reikningsskilaaðferðum en samkvæmt lögum um ársreikninga. Sem dæmi þá ber félögum með takmarkaðri ábyrgð sem hafa skráð bréf á markaði að beita alþjóðlegum reikningsskila stöðlum (IFRS) við samningu samstæðureiknings síns skv. 90. gr., sbr. 3. tl. 1. gr. laga um ársreikninga.

Kemur þá til skoðunar hvort heimilt sé að taka slíkan ársreikning óbreyttan í samstæðureikning sveitarfélags, í ljósi þess að samstæðureikningur sveitarfélags ber ávallt að byggja á lögum um ársreikninga.

Þær reglur sem gilda þegar félag í B-hluta samstæðureiknings sveitarfélags er gert upp skv. öðrum aðferðum en lögum um ársreikninga, er að finna í 2. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ákvæðinu eru samantekin reikningsskil skilgreind þannig:

„Samantekin reikningsskil eru sameinuð reikningsskil A- hluta og B-hluta. Að svo miklu leyti sem við á gilda um samantekin reikningsskil reglur um samstæðu reikningsskil, skv. ákvæðum laga um ársreikninga.”

Í VII. kafla laga um ársreikninga er að finna þær reglur sem gilda um samstæðureikningsskil. Í 75. gr. laganna segir að við gerð samstæðureiknings skulu notaðar sömu matsaðferðir og í ársreikningi móðurfélags. Noti dótturfélag í samstæðu aðrar matsaðferðir í eigin ársreikningi en móðurfélagið skulu unnin ný reikningsskil fyrir dótturfélagið, þar sem matsaðferðir eru í samræmi við reikningsskil samstæðu. Jafnframt segir að heimilt sé að víkja frá ákvæðum 2. másl. ef frávik í reikningsskilum dótturfélags frá reikningsskilum móðurfélags eru óveruleg.

Að mati nefndarinnar ber að líta til sömu sjónarmiða og rakin eru í 75. gr. laga um ársreikninga, þegar lagt er mat á hvernig taka skuli upp ársreikning félags sem er að hálfu eða meirihluta í eigu sveitarfélags í samstæðureikning sveitarfélags. Ef félag sem færa skal í B-hluta sveitarfélags beitir öðrum matsaðferðum í eigin ársreikningi en samstæðureikningur sveitarfélagsins byggir á, ber að vinna ný reikningsskil fyrir félagið, þar sem matsaðferðir eru í samræmi við reikningsskil samstæðureikningsins.

b. Aðrar matsaðferðir – fjárfestingarfasteignir

Með úrskurði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags 11. júlí 2013, var staðfest sú ákvörðun ársreikningaskrár, frá 29. maí 2012, að Félagsbústaðum hf. væri skylt að beita alþjóðlegum reikningsskila stöðlum (IFRS) við gerð ársreiknings félagsins. Með vísan til þeirrar reglu sem getið var um að framan, er ljóst að greina þarf hvort að aðrar matsaðferðir eru notaðar í ársreikningi Félagsbústaða hf. en í samstæðureikningi Reykjavíkurborgar, áður en því er svarað hvort hægt sé að taka ársreikning Félagsbústaða hf. óbreyttan upp í samstæðureikning borgarinnar.

Eins og fram hefur komið skal samstæðureikningur sveitarfélaga byggja á lögum um ársreikninga. Samkvæmt 31. gr. laganna er heimilt að færa varanlega rekstrarfjármuni á gangvirði og er því almennt heimilt, *en ekki skylt*, að færa varanlega rekstrarfjármuni á gangvirði í ársreikningum sveitarfélaga. Einnig kemur fram í 1. mgr. 39. gr. laganna að félög sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingarfasteignum, mega meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Síðan segir í 2. mgr. ákvæðisins að ákvæði 1. mgr. taki til fjárfestinga í fjárfestingareignum eða hluta þeirra, svo sem fasteigna og annarra efnislegra eigna ásamt skuldbindingum þeim tengdum. Hugtakið „fjárfestingareign“ er síðan frekar skilgreint í 15. tl. 2. gr. en þar segir:

„Fasteign, land, bygging eða hluti byggingar, sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu eða í öðru ágóðaskyni, en ekki til notkunar í rekstri félags við framleiðslu, vörslu vörubirgða, þjónustu í rekstri félagsins, í stjórnunarlegum tilgangi eða til sölu í hefðbundnum rekstrartilgangi.“

Í framangreindu felst að í samstæðureikningi sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta varanlega rekstrarfjármuni og fjárfestingarfasteignir á kostnaðarverði, þó með þeim undantekningum sem heimilaðar eru í lögum um ársreikninga, þ.m.t. að meta fjárfestingarfasteignir og tengdar skuldbindingar á gangvirði og færa breytingu yfir rekstur, sbr. 1. mgr. 39. gr. ársreikningalaga.

Félagsbústaðir hf.

Í gögnum málsins er tilurð Félagsbústaða hf. rakin en félagið var stofnað til að annast lögbundið hlutverk Reykjavíkurborgar sem kveðið er á um í 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Þar kemur fram að sveitarstjórnir skulu m.a. tryggja framboð af leiguhúsnæði handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá fyrir sér húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Í ársreikningi Félagsbústaða hf. er þeirri matsaðferð beitt að meta fasteignir félagsins á gangvirði en ekki kostnaðarverði. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess hvort að slík færsla sé í samræmi við þá reikningskilastaðla sem ársreikningur félagsins byggir á, heldur skiptir hér mestu máli hvort munur sé á matsaðferðum samstæðureiknings borgarinnar og þeim matsaðferðum sem ársreikningur Félagsbústaða byggir á varðandi mat á varanlegum rekstrarfjármunum félagsins. Ef Reykjavíkurborg velur að nýta sér heimild í 39. gr. laga um ársreikninga til að meta fjárfestingareignir sínar til gangvirðis, og reikningskil Félagsbústaða hf. gera ráð fyrir sömu matsaðferð, er það mat nefndarinnar að heimilt sé að taka reikningskil Félagsbústaða hf., óbreytt upp í samstæðureikning Reykjavíkurborgar.

III. Niðurstaða

Þau sjónarmið sem kveðið er á um í 75. gr. laga um ársreikninga, gilda einnig um samstæðureikning sveitarfélaga. Í því felst að í samstæðureikningi sveitarfélaga skulu notaðar sömu matsaðferðir og í ársreikningi A-hluta sveitarfélagsins. Noti félag í eigu sveitarfélags, sem færa skal inn í B-hluta þess, skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, aðrar matsaðferðir í eigin ársreikningi en samstæðureikningur sveitarfélagsins byggir á, skulu unnin ný reikningskil þar sem matsaðferðir eru í samræmi við samstæðureikning. Það gildir þó ekki ef frávik í reikningskilum félagsins eru óveruleg. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningi og ástæður fyrir þeim tilgreindar.

Að mati nefndarinnar er Reykjavíkurborg heimilt að taka reikningskil Félagsbústaða hf. óbreytt upp í samstæðureikning sinn, ef reikningskil Félagsbústaða gera ráð fyrir sömu matsaðferð og í samstæðureikningi borgarinnar. Það er ef Reykjavíkurborg metur það svo að starfsemi Félagsbústaða sé á sviði fjárfestinga í fjárfestingarfasteignum og nýtir sér þar með ákvæði 39. gr. laga um ársreikninga um að meta fasteignir félagsins til gangvirðis, með breytingar yfir rekstur.

Álit reikningsskilaráðs nr. 1/2020

Efni: Reikningshaldsleg meðferð fjárfestingareigna

Inngangur

Reikningsskilaráði barst þann 28. apríl 2020 fyrirspurn um reikningshaldslega meðferð fjárfestingareigna hjá félögum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa það hlutverk að reka leiguhúsnæði til handa þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrði eða annarra félagslegra aðstæðna (fyrirspyrjandi vísar til einföldunar til þeirra félaga sem „slíkra félaga“ í sumum spurningum sínum). Í fyrirspurninni er tekið fram að spurningar sem lagðar eru fram varði reikningsskil ýmissa slíkra íslenskra félaga, bæði í eigu opinberra aðila og félagasamtaka, en að spurningarnar hafi þó flestar ekki síður þýðingu við uppgjör annarra félaga sem stunda útleigu á almennum markaði og færa fjárfestingareignir í sinni eigu í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 40 *Fjárfestingareignir*.¹

Reikningsskilaráð setur þann fyrirvara við álit sitt að það er ekki hlutverk þess að túlka alþjóðlega reikningsskilastaðla og það er ekki eftirlitsaðili með reikningsskilum félaga. Þá tekur reikningsskilaráð fram að það getur almennt ekki tjáð sig um sértæk atriði tengd einstökum félögum. Ráðið veitir hins vegar eftir því sem við á almenna umsögn um þau álitaefni sem beint er til þess þegar fyrirspurnir lúta að beitingu staðlanna. Hjá alþjóða reikningsskilaráðinu (IASB) er starfandi túlkunarnefnd sem hægt er að beina fyrirspurnum til. Jafnframt er hægt að beina fyrirspurnum til ársreikningaskrár. Öðru máli myndi gegna um túlkun reglna sem reikningsskilaráð setur en það hefur ráðið ekki gert vegna fjárfestingareigna.

Fyrirspurn

Tilteknum spurningum er beint til ráðsins. Þeim er svarað í sömu röð og í bréfi fyrirspyrjanda.

Spurning 1

„Er eitthvert misræmi milli skilgreininga IAS 40, annars vegar og ákvæða 15. tl. 2. gr. og 39. gr. I. 3/2006 um ársreikninga hins vegar og þá hvert?“

Svar reikningsskilaráðs við spurningu 1

Fjárfestingareign² er skilgreind þannig í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 40:

¹ Þegar vísað er til IFRS í þessu áleti er átt við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards eða International Accounting Standards). IAS 40 *Investment properties* er í opinberri íslenskrí útgáfu staðals IAS 40 þýtt sem *fjárfestingareignir* en þess háttar eignir eru í daglegu tali oft nefndar *fjárfestingarfasteignir*.

² Bls. 49 í íslenskrí þýðingu IFRS 16 Leigusamningar, viðbættir D um breytingar á öðrum stöðlum vegna útgáfu IFRS 16. Þá var skilgreiningu IAS 40 á fjárfestingareign breytt á þann veg að í stað þess að vísa til fjármögnunarleigu er vísað til afnotaréttar.

„Fjárfestingareign er fasteign (land eða húseign – eða hluti húseignar – eða hvort tveggja) í vörslu (eigandans eða leigutakans sem afnotaréttur) til öflunar leigutekna eða til verðmætisaukningar eða hvors tveggja fremur en til:

a) nota við framleiðslu eða afhendingu á vörum eða þjónustu í stjórnunarlegum tilgangi eða

b) sölu í reglubundinni starfsemi.“

Fjárfestingarfasteign er skilgreind þannig í 15. tl. 2. gr. ársreikningalaga:

„Fasteign, land, bygging eða hluti byggingar, sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu eða í öðru ágóðaskyni en ekki til notkunar í rekstri félags við framleiðslu, vörslu vörubirgða, þjónustu í rekstri félagsins, í stjórnunarlegum tilgangi eða til sölu í hefðbundnum rekstrartilgangi.“

Í 39. gr. ársreikningalaga kemur fram að félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingarfasteignum, megi meta eignir og skuldbindingar, sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi, til gangvirðis. Sama val er að finna í IAS 40.30. Félög geta því valið milli þess að færa þessar eignir á gangvirði eða afskrifuðu kostnaðarverði, hvort heldur sem þau beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða ársreikningalögum.

Reikningsskilaráð telur að það sé enginn efnislegur munur milli skilgreininga ársreikningalaga annars vegar og IAS 40 hins vegar. Í ársreikningalögum eru þessar eignir reyndar nefndar *fjárfestingarfasteignir* en *fjárfestingareignir* samkvæmt opinberri þýðingu á IAS 40³ og í ársreikningalögum er notað orðið *húseign* en *bygging* samkvæmt IAS 40. Reikningsskilaráð telur að þessi orðanotkun skipti engu máli enda er ljóst um hvers kyns eignir er að ræða og því enginn efnislegur munur hvað þetta varðar á ársreikningalögum annars vegar og IAS 40 hins vegar.

Spurning 2 (ásamt inngangi frá fyrirspyrjanda)

„Næstu spurningar varða val á mismunandi aðferðum innan marka IAS 40 staðalsins.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila (IPSAS) eru útgefning af Alþjóða reikningsskilaráðinu fyrir opinbera aðila, IPSASB (International Public Sector Accounting Standards Board). IPSAS staðlarnir eru byggðir á IFRS. Í stöðlunum segir: *„Property held to provide a social service and which also generates cash inflows. For example, a housing department may hold a large housing stock used to provide housing to low income families at below market rental. In this situation, the property is held to provide housing services rather than for rentals or capital appreciation and rental revenue generated is incidental to the purposes for which the property is held. Such property is not considered an “investment property” and would be accounted for in accordance with IPSAS 17.*

Er Reikningsskilaráð því sammála að slíkar eignir sem um er fjallað í fyrstu málsgrein hér að ofan skuli meðhöndlaðar með sama hætti og vera myndi samkvæmt IPSAS 17 og því ekki skilgreindar sem fjárfestingareignir í reikningsskilum nefndra félaga?“

³ Þýðingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum má nálgast á vefsíðu Stjórnarráðsins: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/arsreikningar/althjodlegir-reikningsstadlar/ifrs-stadlar/>

Svar reikningsskilaráðs við spurningu 2

Ef um er að ræða félag sem fellur undir gildissvið ársreikningalaga, samanber 1. gr. ársreikningalaga, kemur að mati reikningsskilaráðs ekki til álita að færa þess háttar eignir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS). Væri ekki fjallað um reikningshaldslega meðferð umræddra eigna í ársreikningalögum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum væri mögulegt að félag sem fellur undir gildissvið ársreikningalaga myndi enda á því að færa eignirnar í samræmi við IPSAS.⁴ Það á hins vegar ekki við um félög sem falla undir gildissvið ársreikningalaga enda er bæði í ársreikningalögum og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum að finna ákvæði um reikningshaldslega meðferð fjárfestingareigna.

Spurning 3

„Ber þá, líkt og að framan greinir, að meta fasteignir sem leigðar eru út í félagslegum tilgangi til verðs miðað við gildandi leigusamninga?“

Svar reikningsskilaráðs við spurningu 3

Þrátt fyrir fyrrnefndan fyrirvara um hlutverk reikningsskilaráðs telur ráðið sjálfsgagt að setja fram hugleiðingar um þá spurningu sem fyrirspyrjandi setur fram.

Ákvörðun gangvirðis fjárfestingareigna sem leigðar eru út í félagslegum tilgangi og glögg mynd.

Í IAS 40.40 kemur fram að við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna í samræmi við IFRS 13 skuli félag tryggja að gangvirði endurspegli meðal annars leigutekjur af núgildandi leigusamningum og aðrar forsendur sem markaðsaðilar myndu byggja á við verðlagningu (e. pricing) fjárfestingareigna við núverandi markaðsaðstæður.⁵ Ekki er að finna ítarlegri leiðbeiningar um hvernig slíkt skuli tryggt í gangvirðismatinu, þ.e. hvernig núgildandi leigusamningar koma inn í ákvörðun gangvirðis, hvorki í IAS 13 *Gangvirðismat* né IAS 40.

Að mati reikningsskilaráðs eru líkur á því að hér sé verið að gera kröfu um að við gangvirðismat sé tekið tillit til eftirfarandi greina IFRS 13 (áherslubreytingar reikningsskilaráðs).

IFRS 13.11:

A fair value measurement is for a particular asset or liability. Therefore, when measuring fair value an entity shall take into account the characteristics of the asset or liability if market participants would take those characteristics into account when pricing the asset or liability at the measurement date. Such characteristics include, for example, the following: [...] (b) restrictions, if any, on the sale or use of the asset.

⁴ Reikningsskilaráð telur ekki ástæðu til að fjalla nánar um hvort sú hefði getað orðið niðurstaðan enda tekið á viðfangsefninu í ársreikningalögum og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

⁵ Í enskri útgáfu staðalsins hljóðar greinin svo: „Measuring the fair value of investment property in accordance with IFRS 13, an entity shall ensure that the fair value reflects, among other things, rental income from current leases and other assumptions that market participants would use when pricing investment property under current market conditions.“

IFRS 13.27:

A fair value measurement of a non-financial asset takes into account a market participant's ability to generate economic benefits by using the asset in its *highest and best use* or by selling it to another market participant that would use the asset in its highest and best use.

IFRS 13.28:

The highest and best use of a non-financial asset takes into account the use of the asset that is physically possible, legally permissible and financially feasible, as follows [...] (c) A use that is legally permissible takes into account any legal restrictions on the use of the asset that market participants would take into account when pricing the asset (eg the zoning regulations applicable to a property).⁶

Að ofangreindu leiðir, að mati reikningsskilaráðs, að við ákvörðun á gangvirði félagslegra íbúða sem leigðar eru út þyrfti að horfa til nógildandi leigusamninga og tímalengdar þeirra og hvað markaðsaðilar myndu geta gert til að hámarka virði þessara eigna. Hafa þarf í huga að gangvirði er samkvæmt IFRS 13 markaðsmiðað mat og miðast við útgönguverð (e. exit price). Ef á annað borð er heimilt að selja eignirnar þyrfti að horfa til þess hvernig markaðsaðilar gætu nýtt þessar eignir. Þeir þyrftu þá að standa við nógildandi leigusamninga og taka tillit til þess hvort þeir væru skuldbundnir af því að leigja þessar eignir áfram út í félagslegum tilgangi og þá e.t.v. jafnframt að leigja þær út við leigu sem væri undir markaðsleigu. Slíkar kvaðir myndu að öðru óbreyttu leiða til þess að gangvirði yrði lægra en ella, þ.e. ef engar kvaðir væru til staðar.

Notkun söluverðs við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna sem ekki er fyrirhugað að selja.

Það skiptir ekki máli við ákvörðun á gangvirði hvort fyrirhugað er að selja viðkomandi eignir eða ekki. Fjallað er um þetta í IFRS 13 (áherslubreytingar reikningsskilaráðs).

IFRS 13.Appendix A (skilgreining):

Fair value: The price that would be received to sell an asset or paid to transfer a liability in an orderly transaction between market participants at the measurement date.

IFRS 13.9:

IFRS defines fair value as the price that would be received to sell an asset or paid to transfer a liability in an orderly transaction between market participants at the measurement date.

IFRS 13.BC30:

Like the previous definition of fair value, the revised definition assumes a hypothetical and orderly exchange transaction (ie it is not an actual sale or a forced transaction or distress sale).

Einnig er að finna frekari staðfestingu á þessu í IAS 40.B36 þar sem fram kemur:

In the Board's view, the fair value model provides useful information about property held for rental, even if there is no immediate intention to sell the property. The economic performance of a property can be regarded as being made up of both rental income earned during the period (net of expenses) and changes in the value of future net rental income. The fair value of an investment property can be regarded as a market-based representation of the value of the future net rental income, regardless of whether the entity is likely to sell the property in

⁶ Gagnlegt kann að vera að skoða dæmi 9 í viðauka við staðalinn.

the near future. Also, the Standard notes that fair value is determined without deducting costs of disposal—in other words, the use of the fair value model is not intended as a representation that a sale could, or should, be made in the near future.

Glögg mynd.

Að mati reikningsskilaráðs gefur það glögga mynd að færa fjárfestingareignir við gangvirði óháð því hver tilgangur með eignarhaldi eignanna er. Séu kvaðir á nýtingu kemur það væntanlega fram í gangvirðismatinu sem verður þá lægra en ella, sbr. umfjöllun hér að framan.

